

Kassanr.	Tímabil	Efni	
G-94 /1	-	Húskveðja yfir Jónatan Þorlákssyni, bónda á Þórðarstöðum í Fnjóskadal (f. 3.12. 1825, d. 9.2. 1906), flutt 21.2. 1906 af sr. Jónasi Jónassyni prófasti á Hrafnagili. Líkræða yfir sama, flutt 4.3. 1906 af sr. Ásmundi Gíslasyni prófasti á Hálsi.	18,2 x 11,5 cm. ih. (Á kápu stendur: Hannes Stefánsson á þessa bók).
G-94 /2	-	Líkræða yfir Hannesi Friðrikssyni, bónda í Austari Krókum (f. 31.8. 1840), flutt af sr. Ásmundi Gíslasyni á Hálsi.	Kápulaust kver
G-94 /3	-	Líkræða yfir Stefáni Jónatanssyni, bónda á Þórðarstöðum (f. 24.11. 1860, d. 16.4. 1942), flutt 28.4. 1942.	Kápulaust kver
G-94 /4	-	Húskveðja yfir Friðriku Kristbjörgu Hannesdóttur, húsfreyju á Þórðarstöðum (f. 27.8. 1863), flutt 14.11. 1943 af Þormóði Sigurðssyni.	16 x 10 cm. Heft kver.
G-94 /5	-	Almanak árið 1800, með veðurlýsingum.	Kápulaust handrit
G-94 /6	-	Gamlar sagnir úr Fnjóskadal, um ábúendur þar fyrir og um Móðuharðindi, ættir þeirra o.fl.	40 bls. kápulaust kver
G-94 /7	-	Lög framfarafélagsins í Hálshreppi 25. olt. 1875. Lögnum fylgja þrennar félagsreglur: 1. Menntunarreglur, 2. Jarðræktarreglur, 3. Fjárræktarreglur (vantar aftan á þær).	Kápulaust kver
G-94 /8	-	Uppteiknan yfir sterbúið í Tungu 27. júní 1872, sem þar til féll í fardögum 1872. Þetta mun vera uppskrift á dánarbúi Benedikts Bjarnasonar bónda í Tungu í Fnjóskadal (f. 6.7. 1817, d. 8.6. 1872 í Tungu).	Kápulaust kver með lausum blöðum
G-94 /9	-	Dagbók Tómasar Jónassonar bónda á Hróarsstöðum í Fnjóskadal 1.1. 1851 - 31.12. 1856. Tómas var f. 9.9. 1835 á Veturlíðastöðum en d. 2.10. 1883 á Hróarsstöðum.	
G-94 /10	-	Dagbók Tómasar Jónassonar bónda á Hróarsstöðum í Fnjóskadal 1.1. 1857 - 30.6. 1867.	16 x 10,5 cm. ib.
G-94 /11	1856-1882	Bréf, dags. á Þórðarstöðum annan dag páska 1882, bréfitari Jónatan Þorláksson á Þórðarstöðum, en viðtakandi ókunnur, niðurlag vantar. Bréf dags. 3. febrúar 1856 á Grænavatni í Mývatnssveit til Jónatans á Þórðarstöðum frá systur hans Kristiönu Þorlákssdóttur.	
G-94 /12	-	Jarðarskjöl: a) Afsalsbréf Jóns Sigfússonar á Sörlastöðum fyrir skógi austan Fnjóskár til handa Jónatans Þorlákssonar á Þórðarstöðum. Undirritað á Sörlastöðum 12.12. 1868 af báðum aðilum og tveimur vottum. b) Umboð til Einars Ásmundssonar í Nesi frá Jónatan Þorlákssyni á Þórðarstöðum til að undirrita skuldabréf vegna kaupa á þjóðjörðinni Þórðarstöðum, dags. 25.7. 1893. c) Veðskuldabréf fyrir þjóðjarðarláni Jónatans Þórðarsonar, dags. 5.6. 1893, undirritað af Einari Ásmundssyni í Nesi, (samrit fylgir). Þinglýst 28.5. 1894, aflýst 1923. d) Yfirlit yfir afborganir af þjóðjarðarláni Jónatans Þórðarsonar 1893-1921.	

Kassanr.	Tímabil	Efni
G-94 /13	-	Kveðskapur: a) Úr sóknarvísun í Grýtubakkahreppi eftir Sigurð Pálsson bónda í Pálsgerði o.v. 13 erindi á einu blaði. b) Vísur um hjón í Hálsprestakalli eftir Sigurð Árnason prest á Hálsi 1800-1846. 41 erindi. c) Vísur um ógiftar stúlkur í Illugastaðasókn 1861 eftir Tómas Jónasson. 32 erindi. d) Vísur um börnin í Illugastaðasókn 1861 eftir Tómas Jónasso. 58 erindi. e) Vísur eftir Tómas Jónasson, sennilega um konur í Illugastaðasókn, 23 erindi. Og fleiri vísur eftir sama. f) Til Guðnýjar Friðbjarnardóttur eftir Tómas Jónasson. 6 erindi. g) Til Guðfinnu Kristjánsdóttur eftir Tómas Jónasson. 10 erindi.
G-94 /14	-	Tilberabragur er Árni skáld Jónsson orti, undirritað af Jónatan Þorlákssyni.